
HORNAFJÖRÐUR
náttúrulega
Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

# HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

Í lok ársins 2019 ákvað sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að hefja stefnumótun til næstu fimm ára með áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Að stefnumótuninni kom stór hópur úr sveitarfélaginu, bæði kjörnir fulltrúar, starfsmenn sveitarfélagsins auk annarra íbúa og hagsmunaaðila.

Í samantekt þessari er gerð grein fyrir stefnunni sem innheldur sýn, stoðir, áherslur, gildi, skuldbindingar, mælanleg markmið og dæmi um aðgerðir.

**Hornafjörður, náttúrulega!**



HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru samþykkt af aðildarríkjum þess og er með samstilltu átaki ætlað að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar.

Markmiðin 17 eru margþætt, metnaðarfull og mynda, með 169 undirmarkmiðum, samræmda heild innanlands og alþjóðlega.

Stefna Hornafjarðar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Byggt á áhættu og mikilvægis-greiningu sem unnin var fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á ellefu heimsmarkmið og þau tengd við fjóra megin áhersluþætti stefnunnar.



# FRAMTÍÐARSÝN

Sveitarfélagið er eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru. Fólk hefur hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta er framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar.

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# GILDIN OKKAR

## VIRÐING

Berum virðingu fyrir hvert öðru og erum umburðarlynd fyrir fjölbreytileika íbúanna. Við berum einnig virðingu fyrir umhverfinu sem við búum í.

## FRAMSÆKNI

Við mætum framtíðinni með krafti, frumkvæði og nýsköpun og þorum að leita nýrra lausna jafnt í atvinnulífi sem og í menntun.

## SAMVINNA

Við höfum samvinnu, samstöðu og jákvæðni að leiðarljósi í öllum störfum okkar og vitum að saman erum við sterkari

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# STOÐIRNAR

## UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁL

Tekur á loftslagsbreytingum, líffræðilegum fjölbreytileika, verndun náttúrunnar og lífkerfa, mengun, úrgangs-málum og hringrásar-hagkerfinu.

## FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Tekur á heilsu og vellíðan, jafnrétti, jöfnuði, möguleikum á að lifa með reisn og hæfni fólks.

## HAGSÆLD

Tekur á atvinnumöguleikum, fjárfestingum í innviðum og nýsköpun og framlagi til samfélagsins.

## STJÓRNARHÆTTIR

Tekur á stjórnsýslunni, góðum stjórnarháttum, samskiptum við hagaðila, siðferðislegum viðmiðum, áhættustýringu og yfirsýn stjórnenda.

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁL

Tekur á loftslags-breytingum, líffræðilegum fjölbreytileika, verndun náttúrunnar og lífkerfa, mengun, úrgangsmálum og hringrásarhagkerfinu.

ÁHERSLA

## LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

Við ætlum að vera framfaradrifið sjálfbært fyrirmyndarsamfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna.






# KOLEFNISHLUTLAUST SVEITARFÉLAG ÁRIÐ 2030

**U.1** **Sjálfbært neyslu- og framleiðslumynstur í sveitarfélaginu verði tryggt.**

**U.2** **Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.**

**U.3** **Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.**

**U.4** **Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.**

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

14 LÍF Í VATNI

15 LÍF Á LANDI

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

## FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Tekur á heilsu og vellíðan, jafnrétti, jöfnuði, möguleikum á að lifa með reisn og hæfni fólks.

ÁHERSLA

# FJÖLSKYLDUVÆNT SAMFÉLAG

Við viljum búa í fjölskylduvænu og heilsueflandi samfélagi þar sem fólk hefur jöfn tækifæri og fær þjónustu og menntun við hæfi.






# MARKMIÐ

HORNAFJÖRÐUR
náttúrulega

## YFIR 80% ÁNÆGJA ÍBÚA MEÐ AÐ BÚA Í SVEITARFÉLAGINU ÁRIÐ 2025

**F.1** Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

**F.2** Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

**F.3** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd stúlkna, kvenna og kynsegin fólks efld.

**F.4** Draga úr ójöfnuði innan sveitarfélagsins.

**F.5** Auka fjölbreytileika með aðstoð við aðlögun samfélagsins

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ

3 HEILSA OG VELLÍÐAN

4 MENNTUN FYRIR ALLA

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

10 AUKINN JÖFNUÐUR

# HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

## HAGSÆLD

Tekur á atvinnu-möguleikum, fjárfestingum í innviðum og nýsköpun og framlagi til samfélagsins.

ÁHERSLA

## BLÓMLEGT ATVINNULÍF

Við viljum blómlegt og sjálfbært atvinnulíf með fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggist á styrkleikum svæðisins ekki síst við að vera í ríki Vatnajökuls.






# MIÐGILDI HEILDARTEKNA Á ÍBÚA Í SVEITARFÉLAGINU HÆRRI EN Á LANDSVÍSU ÁRIÐ 2025

**H.1** **Styðja við hátæknigreinar og tækifæri skapandi greina.**

**H.2** **Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla íbúa.**

**H.3** **Hlúa að frumkvæði með áherslu á sjálfbæra og tæknilega nýsköpun**

**H.4** **Horft til afþreyingartengdrar nýsköpunar tengt því að vera í ríki Vatnajökuls með áherslu á jöklaferðamennsku og tengda þjónustu.**

**H.5** **Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla íbúa, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.**

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

4 MENNTUN FYRIR ALLA

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

## STJÓRNARHÆTTIR

Tekur á stjórnsýslunni, góðum stjórnarháttum, samskiptum við hagaðila, siðferðislegum viðmiðum, áhættustýringu og yfirsýn stjórnenda.

ÁHERSLA

### GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA

Við viljum einfalda og heiðarlega stjórnsýslu þar sem gagnsæ vinnubrögð eru í forgrunni ásamt rafrænni stjórnsýslu.






# YFIR 90% ÁNÆGJA ÍBÚA MEÐ HEILDARÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGSINS ÁRIÐ 2025

**S.1** **Gera þjónustu sveitarfélagsins öllu fólki aðgengileg, örugga, viðnámsþolna og sjálfbæra.**

**S.2** **Byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla íbúa.**

**S.3** **Tryggja upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagaðila um sjálfbærni vegferð sveitarfélagsins.**

**S.4** **Taka virkan þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem styðja sjálfbæra þróun.**

**S.5** **Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða.**

TENGSL VIÐ HEIMSMARKMIÐ

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

16 FRIÐUR OG RÉTTLÆTI

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

# AÐGERÐIR

HORNAFJÖRÐUR – náttúrulega

| Aðgerð | Þátttakendur í aðgerð | Athugasemd | Ábyrgð | Tengist markmiði |
|---|---|---|---|---|
| ✓ 60% af innkaupum stofnana er hægt að skilgreina sem græn | Yfirstjórn og forstöðumenn | Markmið, aðgerðin er? | Ólöf | U.1. |
| ✓ Draga úr sorpmyndun um 66% til 2030 og auka endurvinnslu í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. | Allir | Markmið | Sviðsstjórar | U.1. |
| ✓ Greina möguleikann á grænum iðngarði sem myndar hringrásarhagkerfi með tenginu orkuöflunar, matvælarframleiðslu, endurvinnslu og ferðamennsku | Yfirstjórn | | | U.1. |
| ✓ Menntun í sjálfbærri þróun samþætt í menntunaráætlun, námskrá, endurmenntun kennara og mati á nemendum. | Yfirstjórn | | | U.1. |
| ✓ Mæling á losun gróðurhúsalofttegunda, auðlindanotkun og úrgangsmyndun fyrir árslok 2021 (korlagt). | Yfirstjórn | | | U.2. |
| ✓ Kynna losun gróðurhúsalofttegunda fyrir starfsfólki og íbúum einu sinni á ári | Yfirstjórn | | | U.2. |
| ✓ Ný umhverfisstefna þar sem gert er ráð fyrir mótvægisaðgerðum. | Yfirstjórn | | | U.2. |
| ✓ Efling innviða fyrir vistvænar samgöngur t.d. með uppbyggingu göngu- og hjólaleiða, hleðslustöðvum og metan áfyllingarstöðvum | Yfirstjórn | Markmið með hugmyndum að aðgerðum... | | U.2. |
| ✓ Vistvænir dagar að hausti og vori ár hvert | Allir | | | U.2. |
| ✓ Vinna að uppbyggingu fráveitukerfis og kortleggja viðtaka í Skarðsfirði | Yfirstjórn | | | U.3. |
| ✓ Endurkoðun aðalskipulags sem byggir á heimsmarkmiðum | Yfirstjórn | | | U.4. |
| ✓ Stuðla að endurheimt votlendis í sveitarfélaginu | Yfirstjórn | | | U.4. |

AÐGERÐIR

# HORNAFJÖRÐUR
náttúrulega

| Aðgerð | Þátttakendur í aðgerð | Athugasemd | Ábyrgð | Tengist markmiði |
|---|---|---|---|---|
| ✓ Gera þarfagreiningu meðal íbúa um heilbrigðisþjónustu á svæðinu lok 2022 | Yfirstjórn | | Erla | F.1. |
| ✓ Fyrir árið 2022 verði búið að kortleggja þátttöku í íþróttastarfi, notkun innviða o.s.frv. | Yfirstjórn | | Þórgunnur | F.1. |
| ✓ Setja á heilsueflingarúrræði fyrir eldri íbúa | Yfirstjórn | Markmið. Eru fleiri aðgerðir í vændum? | Erla | F.1. |
| ✓ Kortleggja fjölda og fjölbreytni menningarviðburða og þátttöku fyrir lok árs 2023. | Yfirstjórn | | Eyrún | F.1. |
| ✓ Fjölga útivistarmöguleikum innan bæjarmarka. | Yfirstjórn | Markmið, vantar aðgerðir | Matta | F.1. |
| ✓ 30% fleiri ljúki framhaldsskóla- og starfsmenntun og auka hlutfall háskólamenntaðra í samfélaginu | Yfirstjórn | Markmið, vantar aðgerðir | Þórgunnur | F.2. |
| ✓ Tryggja aðstöðu til menntunar, til háskólanáms, framhaldsskólamenntunar, ævimenntun. | Yfirstjórn | Markmið | Þórgunnur | F.2. |
| ✓ Kortleggja menntunarstig í skólum | Yfirstjórn | Korleggja menntun á starfsfólki | Þórgunnur | F.2. |
| ✓ Tryggja börnum leikskólagöngu við lok fæðingarorlofs (við eins árs aldur). | Yfirstjórn | | Þórgunnur | F.3. |
| ✓ Greina stöðu kynja í sveitastjórnum og störfum sveitarfélagsins | Yfirstjórn | | Erla | F.3. |
| ✓ Greina stöðu einstaklinga með tekjur undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna og tryggja viðeigandi stuðning. | Yfirstjórn | Vantar aðgerðir um hvernig eigi að tryggja stuðning | Erla | F.4. |
| ✓ Greina stöðu barna sem býr á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum og tryggja viðeigandi stuðning. | Yfirstjórn | Vantar aðgerðir um hvernig eigi að tryggja stuðning | Erla | F.4. |
| ✓ Koma á fjölmenningarráði fyrir lok árs 2021 | Yfirstjórn | | Erla | F.5. |
| ✓ Koma á virkniúrræðum fyrir fólk í félagslegri einangrun og með skerta starfsgetu, komið á starfsendurhæfingu Hornafjarðar | Yfirstjórn | Markmið, vantar aðgerðir | Erla | F.5. |
| ✓ Gera þarfagreiningu á virkni og þátttöku eldri íbúa í sveitarfélaginu | Yfirstjórn | | Erla | F.5. |
| ✓ Greina þarfir og stöðu íbúa af erlendum uppruna | Yfirstjórn | | Erla | F.5. |

| Aðgerð | Þátttakendur í aðgerð | Athugasemd | Ábyrgð | Tengist markmiði |
|---|---|---|---|---|
| ✓ Efla menntun sem styður við sjálfbærni í atvinnulífinu (framleiðslu, verslun, þjónusta, bifvélaverkstæði o.s.frv.) | Yfirstjórn þarf að þrengja aðgerðir.. Möguleg aðkoma allra þegar fram í sækir..? | Markmið | | H.2. |
| ✓ Gera hagaðilagreiningu/kortleggja atvinnulífið og mismunandi hagsmuni fyrir árslok 2022. | Yfirstjórn | | | H.2. |
| ✓ Auka nýsköpunarfræðslu, og kynna tækifæri hátækni- og skapandi greina. | Allir | Markmið | Þórgunnur | H.3. |
| ✓ Styðja við rannsóknir sem nýtast atvinnugreinum í sveitarfélaginu. | Yfirstjórn | Markmið, hverjar eru aðgerðirnar? | Ólöf/Árdís | H.3. |
| ✓ Ljúka við gerð atvinnustefna og áfangstaðaáætlun ferðamannastaða | Yfirstjórn | | Árdís | H.4. |
| ✓ Stuðla að víðtæku samstarfi um nám í fjalla- og jöklaferðamennsku hjá FAS | Yfirstjórn | Markmið | Matta | H.4. |
| ✓ Styrkja atvinnu- og rannsóknarsjóð | Yfirstjórn | Markmið, hverjar eru aðgerðirnar? | Matta | H.1. |
| ✓ Þrýsta á að störf atvinnuráðgjafa á vegum SASS verði til frambúðar | Yfirstjórn | | Matta | H.1. |
| ✓ Tryggja framúrskarandi fjarvinnumöguleika. | Yfirstjórn og forstöðumenn þegar aðgerðir hafa verið ákveðnar | Markmið, vantar aðgerðir.. | Matta | H.5. |
| ✓ Tryggja íbúum örugg fjarskipti með ljósleiðara | Yfirstjórn | Markmið | Matta | H.5. |
| ✓ Þrýsta á þriggja fasa rafmagn í Lóni | Yfirstjórn | | Matta | H.5. |
| ✓ Búa til samstafsvettvang opinbera geirans, einkaaðila og borgara að bættri framlegð í samfélaginu | Yfirstjórn | | Matta/Árdís | H.5. |
| ✓ Tryggja lóðarframboð og húsnæði | Yfirstjórn | aðgerð og markmið | | H.5. |

# AÐGERÐIR

HORNAFJÖRÐUR — náttúrulega

| Aðgerð | Þátttakendur í aðgerð | Athugasemd | Ábyrgð | Tengist markmiði |
|---|---|---|---|---|
| ✓ 100% umsókna sveitarfélagsins verði rafrænar | Yfirstjórn og forstöðumenn | er átt við umsóknarform eða umsóknir? | | S.1. |
| ✓ Öllum erindum til sveitarfélagsins sé svarað innan sjö daga frá móttöku. | Allir? | eru þetta formleg erindi eða allar fyrirspurnir? Er þetta ekki markmið, þarf ekki að vera aðgerð s.s. Skýrt verklag um meðferð erinda? | | S.1. |
| ✓ Móta stefnu um samráð í málefnum SVH og setja upp rafræna samráðsgátt. | Yfirstjórn | tvær aðgerðir. | | S.1. |
| ✓ Móta og innleiða stefnu um stafræna stjórnsýslu fyrir lok árs 2023. | Yfirstjórn | tvær aðgerðir. | | S.1. |
| ✓ Samræming á stefnum sveitarfélasins með tilliti til heimsmarkmiða og upplýsa íbúa um það. | Yfirstjórn og forstöðumenn | tvær aðgerðir, upplýsa íbúa önnur aðgerð. | | S.2. |
| ✓ Gera þjónustukönnun meðal íbúa | Yfirstjórn | | | S.2. |
| ✓ Móta þjónustustefnu og viðmið | Yfirstjórn | | | S.2. |
| ✓ Setja inn vikulegar fréttir af málefnum inn á vefi sveitarfélagsins | Allir | Aðgerð: skýrt verklag t.d. Senda efni vikulega á uppl.fulltrúa osfr. ..skipta vikum milli aðila osf | | S.3. |
| ✓ Þátttaka í loftslagsyfirlýsingu Festu og barnvænu samfélagi. | Yfirstjórn | nú þarf aðgerðir og eftirfylgni.. | | S.4. |
| ✓ Taka þátt í samstarfi á meðal Sambands íslenskra sveitarfélaga í innleiðingu Heimsmarkmiða | Yfirstjórn | | | S.4. |

# INNLEIÐING

HORNAFJÖRÐUR — náttúrulega

## DAGSKRÁ 2023:

| | |
|---|---|
| Janúar | • Kynningarfundir fyrir alla starfsmenn í stofnunum |
| Febrúar | • Vinnustofa með fulltrúum stofnanna (fjórir aðilar + forstöðumaður) |
| Mars | • Undirbúningsfundir í stofnunum með öllum starfsmönnum |
| Apríl | • Átaksmánuður: **Umhverfis- og loftslagsmál** |
| Maí | • Átaksmánuður: **Stjórnarhættir** |
| Júní-Ágúst | • Sumarstarf - skoða mögulegar útfærslur og tengingu við stefnuna |
| September | • Reset – hvernig gekk/breytingar/keyra í gang aftur! |
| Október | • Átaksmánuður: **Hagsæld** |
| Nóvember | • Átaksmánuður: **Félagslegir þættir** |
| Desember | • Slútt |

# MARKMIÐ



- Innleiða stefnuna í starf allra stofnana Sveitarfélagsins
- Tryggja að við vinnum öll saman að skilgreindum markmiðum
- Fá hugmyndir starfsfólks og íbúa um mögulegar aðgerðir
- Halda stefnunni lifandi og bæta/breyta ef þurfa þykir

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# JANÚAR

**KYNNINGAREFNI:**

- Logo og útlit
- Heimasíða/Facebook/Instagram
- Póstlistar
- Tölvupóstur fyrir verkefni: natturulega@hornafjordur.is

hornafjörður

Náttúrulega




| 753538 | 0E8BCE | 0B3142 | 67825E | E3B505 |
|---|---|---|---|---|
| Wine | Green Blue Crayola | Prussian Blue | Russian Green | Orange Yellow |

JANÚAR

HORNAFJÖRÐUR – náttúrulega

## STOFNANIR: KYNNINGARFUNDIR

- Hverjir: fyrir alla starfsmenn allra stofnanna SVH
- Hvar: blandaðir hópar í Nýheimum eða í hverri stofnun?
- Hvenær: í lok janúar/febrúar byrjun
- Hvað: Kynning svo allir starfsmenn séu vel upplýstir!
  - Fá 4 sjálfboðaliða til að leiða verkefnið fyrir sína stofnun með forstöðumanni
  - Forstöðumenn hvetja/handvelja ef þátttaka er ekki nógu góð

**STOFNANIR: VINNUSTOFA**

- Hverjir: Fjórir starfsmenn frá hverri stofnun (sjálfboðaliðar eða handvaldir)
- Hvar: allir saman í Nýheimum
- Hvenær: í febrúar
  - á vinnutíma? - hvað hentar best?
- Hvað: vinnustofa - stýrt af verkefnastjórum NÞ
- Þessir þátttakendur leiða átaksmánuðina með sínum forstöðumanni.

## STOFNANIR: ÚRVINNSLA VINNUSTOFU

- Verkefnastjórar NÞ taka saman niðurstöður vinnustofunnar
- Greina tillögur að aðgerðum niður á stofnanir og stoðirnar fjórar.
- Hver stofnun fær tillögur flokkaðar eftir stoðunum fjórum.
- Allir starfsmenn SVH fá niðurstöðurnar og tækifæri til að bæta við hugmyndum að aðgerðum

MARS

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# UNDIRBÚNINGSFUNDIR Í HVERRI STOFNUN

- Hverja: fyrir alla starfsmenn SVH – hver stofnun fær fund með verkefnastjórum NÞ
- Hvar: fundur verður haldinn inni á hverri stofnun
- Hvenær: mars
- Hvað:
  - Kynna samantekt aðgerða hverrar stofnunar úr vinnustofu
  - Velja verkefni/aðgerðir sem stofnunin mun vinna að í hverjum átaksmánuði

MARS

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# STOFNANIR: UNDIRBÚNINGUR ÁTAKSMÁNAÐA

- Upphafsfundur með öllum vinnuhópum og forstöðumönnum þar sem farið er yfir skipulag hvers mánaðar
- Vinnuhópur miðlar áfram upplýsingum um átaksmánuð til sinnar stofnunar
- Vinnuhópur startar átaksmánuði innan stofnunar
- Verkefnastjórar styðja við vinnuhópana og hvetja og miðla upplýsingum varðandi sameiginlegt verkefni þvert á stofnanir

# SAMFÉLAGIÐ

## Kynning á Hornafirði-Náttúrulega

- Deilum fréttum um verkefnið
  - Amk. 6 greinar í Eystrahorni yfir árið
- Ýmislegt kynningarefni útbúið og því deilt:
  - Plaggöt um verkefnið
  - Plaggöt um heimsmarkmiðin
  - Plaggöt fyrir málefni hvers átaksmánaðar

## Önnur verkefni í samfélagshluta

- Viðburðir – minnst einn í hverjum átaksmánuði. Kannski fleiri yfir árið.
- SVH verði með aðgerð sem tengist málefni í átaksmánuði en snertir íbúa
- Spurningar fyrir íbúa á Facebook í átaksmánuðum – Leið til gagnaöflunar og samráðs við íbúa
- Ýmsar hugmyndir um viðburði sem mætti tengja átakinu.

ALLT ÁRIÐ

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

**FORSTÖÐUMANNAHÓPUR:**

- Málefni Hornafjörður Náttúrulega inn á öllum forstöðumannafundum.
- Tökum stöðutékk fyrir og á milli átaksmánaða.
  - Ræðum þar þvert á stofnanir hvernig gengur og hvort það séu ábendingar inn í næsta mánuð.
- Erum þá með stöðugt mat á verkefninu um leið og það er í vinnslu (Plan/Do/Check/Act)

# ÁTAKSMÁNUÐIR

- Hver stofnun vinnur að áherslum sem starfsfólk hefur valið fyrir þetta málefni
- Verkefnastjórar peppa sameiginlega áherslu sem allar stofnanir eiga að vinna að
- Haldinn viðburður fyrir stofnanir sem tengist málefninu
- Haldinn viðburður fyrir samfélagið sem tengist málefninu
- Verkefnastjórar deila posterum um málefnið – einnig öðru fræðandi efni
- SVH vinnur að aðgerð sem snýr að málefninu en snertir alla íbúa – ekki bara stofnanir

## SUMARSTARF:

- Hvaða starfsmenn SVH væru þátttakendur í að skoða þetta með verkefnastjórum?
- Verkefnastjórar vinna að mótun hugmynda fyrir sumarstarfið en kemur ekki að framkvæmd þess
- Dæmi um hugmynd:
  - Ungmenni í vinnuskóla fari í önnur verkefni en þessi hefðbundnu.
    - Vinir á hjúkrun?
    - Skapandi sumarstörf?

SEPTEMBER

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# RESET

- Fundur með forstöðumönnum til að rifja upp
- Verkefnastjórar deila efni til stofnana og samfélags til að minna á að næsti átaksmánuður er að nálgast

# ÁTAKSMÁNUÐIR

- Hver stofnun vinnur að áherslum sem starfsfólk hefur valið fyrir þetta málefni
- Verkefnastjórar peppa sameiginlega áherslu sem allar stofnanir eiga að vinna að
- Haldinn viðburður fyrir stofnanir sem tengist málefninu
- Haldinn viðburður fyrir samfélagið sem tengist málefninu
- Verkefnastjórar deila posterum um málefnið – einnig öðru fræðandi efni
- SVH vinnur að aðgerð sem snýr að málefninu en snertir alla íbúa – ekki bara stofnanir

# SLÚTT

Þarf að ákveða:

- Hvað á að gera
- Með hverjum
- Hvað má það kosta
- Hvenær



HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

# HUGMYNDAVINNA

HORNAFJÖRÐUR

náttúrulega

- Þurfum að brainstorma saman til að ákveða:
  - Viðburði
  - Aðgerðir SVH
  - Leiðir í miðlun
  - Sameiginlegar áherslur þvert á stofnanir
  - Sumarstarf
  - Slútt
  - Fleira????
- Margt hægt að gera
- Spurning um fjármagn – þurfum að áætla útlagðan kostnað
- Reynum að samnýta viðburði með stofnunum og samfélagi

**Hugmyndir sem hafa komið fram:**

- Matarboð – 10 – 20 hús bjóða heim…
- Frystir í Nýheima fyrir matarafganga
- Diskósúpa
- 25. apríl er dagur umhverfisins getum nýtt það
- Þakkargjörð – viðburður í nóvember fyrir íbúa

## STOFNANIR

- Sameiginlegt verkefni – þvert á stofnanir sem NÞ + S.And peppar
- Hver stofnun vinnur að sínum málefnum í viðeigandi stoð
- Viðburðir fyrir stofnanir sem tengjast málefninu

## SAMFÉLAGIÐ

- Viðburður sem tengist málefninu
- Spurningar til íbúa um markmið/aðgerðir SVH
- Verið að deila posterum og greinum um HN og SDG
- Aðgerð SVH sem tengist málefninu og snertir íbúa

**Hvað þarf að gera**

- Rýna núverandi aðgerðalista, vinna hann áfram, skilgreina og skýra betur markmið og aðgerðir.
- Kortleggja núverandi mælikvarða og velja viðeigandi mælikvarða fyrir aðgerðir/markmið
- Langtíma verkáætlun þar sem þessum aðgerðum er forgangsraðað til næstu ára

**Hverjir?**

- Hér finnst okkur rétt að starfsfólk sviða komið að vinnunni.
- Ljóst að markmið og aðgerðir sem hafa verið skilgreindar voru vinna sviðsstjóra en ekki náð nægilega mikið til starfsmanna á sviðum.